



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/392
komudagur 1.12.2003

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10,	27. nóvember 2003	A-8 LÖ/bb
150 REYKJAVÍK.		

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 21. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál.

Svo sem mælt er fyrir um í 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skal Fjármálaeftirlitið fyrir 15. sept. ár hvert gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitskyldra aðila. Skýrslunni skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áli. Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundradshluta eftirlitsgjalds skal viðskiptaráðherra leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað þess árið 2004, sem fylgir frumvarpinu sem fylgiskjal ásamt áli samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila, er komist að þeirri niðurstöðu að breyta þurfi hundradshlutum eftirlitsgjalds með þeim hætti sem 1. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir. Nánari grein er gerð fyrir hækkunartillögum og ástæðum hennar er að finna í athugasemdum með frumvarpinu. Í þessu sambandi má og benda á að í endurskoðunarbréfi Ríkisendurskoðunar dags. 23. júní sl. vegna endurskoðunar á ársreikningi Fjármálaeftirlitsins ársins 2002 er vakin athygli á því að eigið fé stofnunarinnar í árslok 2002 hafi verið neikvætt um 1,3 milljónir króna eða sem svaraði til 0.5% af heildargjöldum. Þá er bent á að eftirlitsgjaldið vegna ársins 2003 sé ekki nægilega hátt og að gera megi ráð fyrir því að eigið fé í árslok verði neikvætt um nokkrar milljónir króna. Af þessu tilefni lagði Ríkisendurskoðun áherslu á að eftirlitsgjaldið verði hækkað þannig að jafnvægi náist og eigið fé stofnunarinnar verði jákvætt á ný.

Með vísan til þess sem hér að ofan hefur verið rakið gerir Ríkisendurskoðun enga athugasemd við ofangreint frumvarp.

Sj. post
Tómas Gu.